



**Háskólinn  
á Akureyri**

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Rannsóknatengt meistaranám í viðskipta- og auðlindafræðum

# **Handbók meistaránáms**

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp</b> .....	3
<b>Um handbókina</b> .....	4
<b>Umsóknarfrestur og afgreiðsla umsókna</b> .....	4
<b>Meistaránám í viðskiptafræði</b> .....	5
Inntökuskilyrði .....	5
Rannsóknarverkefnið .....	5
Æskilegur undirbúningur .....	5
Forsendur og stefnumið .....	6
Námsmarkmið (Learning outcomes) meistaránáms í viðskiptafræði .....	6
<b>Meistaránám í auðlindafræði</b> .....	7
Uppbygging námsins .....	7
Inntökuskilyrði .....	7
Rannsóknarverkefnið .....	7
Innlend og erlend tengsl .....	7
Námsmarkmið (Learning outcomes) meistaránáms í auðlindafræði .....	8
<b>Leiðbeiningar um meistaraverkefni</b> .....	9
Inngangur .....	9
Reglur um meistaraverkefnið .....	9
Markmið .....	9
Einingafjöldi .....	9
Umsjón og leiðbeining .....	9
Umsjón með meistaránámi .....	9
Meistaránámsnefnd .....	10
Um samstarf og hlutverk leiðbeinanda, nemanda og meistaraprófsnefnda .....	10
Hlutverk leiðbeinanda .....	11
Hlutverk nemanda .....	11
Samskipti leiðbeinanda og nemanda .....	12
Rannsóknar- og námsáætlun í meistaránámi .....	12
Erfiðleikar í samskiptum .....	13
Frágangur, umfang og uppbygging meistararitgerða .....	13
Frágangur .....	13
Umfang .....	13
Uppbygging meistararitgerðar .....	13
Skil meistaraverkefna .....	15
Mat og einkunnir verkefna .....	15
Mat á lokaverkefnum til meistaraprófs - helstu viðmið .....	16
Munnleg vörn .....	17
Lesnámskeið 10 einingar .....	18
<b>Viðaukar</b> .....	21
Reglur um rannsóknatengt meistaránám í viðskiptafræði og auðlindafræði við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri .....	23
Kennarar og starfslíð viðskipta- og raunvísindasviðs .....	25
Samningur um rannsóknatengt framhalds-nám við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri .....	27
Umsögn um lokaverkefni - Eyðublað .....	33

# Ávarp

Markmið meistaranáms í viðskipta- og auðlindafræði við Háskólann á Akureyri er að bjóða upp á áhugavert og krefjandi nám á fræðasviðum deildanna. Námið er rannsóknatengt nám sem er einstaklingsmiðað þannig að hver nemandi fylgir eigin námsskrá sem er sérsniðin að þörfum hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á námstímanum. Meðal fyrstu verkefna meistaranemans er því að setja upp náms- og rannsóknaráætlun í samráði við leiðbeinanda sinn til samþykktar í meistaranámsnefnd sviðsins. Námskeiðshluti námsins er a.m.k. fjórðungur námsins og er gert ráð fyrir að þau séu að hluta tekin við aðrar stofnanir innanlands eða erlendis. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ýtrustu gæðakröfur.

Háskólanám skiptist í þrjú þrep; grunnnám, meistaranám og doktorsnám. Eftir því sem að nemendur færast á milli þrepa eru gerðar meiri kröfur til þeirra með tilliti til sjálfstæðrar hugsunar, vinnuframlags og tíma. Þetta er nauðsynlegt til þess að nemandinn geti dýpkað þekkingu sína á fræðasviði sínu og tileinki sér sjálfstæð og vísindaleg vinnubrögð. Jafnframt að hann geti tekið forystu í í þeim verkefnum sem viðkomandi tekst á við í framtíðinni. Að hefja nám á meistarastigi er því ákvörðun sem nemendur verða að taka að vel athuguðu máli.

Eins og allt sem gott er mun þetta ekki koma að sjálfu sér, né þrautalaust, en á útskriftardegi munu nemendur geta litið stoltir um öxl og sagt; já þetta gat ég! Jafnframt því geta nemendur horft björtum augum á framtíðina þess fullviss að viðkomandi er vel samkeppnisfær á hinum alþjóðlega markaði sem við öll störfum á.

Dr. Hans Kristján Guðmundsson,  
forseti viðskipta- og raunvísindasviðs.

## Um handbókina

Þessi handbók inniheldur ýmsan hagnýtan fróðleik um uppbyggingu og skipulag meistaranáms við viðskipta- og raungreinasvið HA. Í viðaukum er að finna nákvæmari upplýsingar um reglur og skipulag námsins. Handbókin er byggð upp sem hér segir: Fyrst er getið um meistaranám í viðskiptafræðum, síðan er fjallað um meistaranám í auðlindafræðum. Í viðaukum er síðan að finna reglur um rannsóknartengt meistaranám við viðskipta- og raunvísindasvið, leiðbeiningar um meistaraverkefnið og leiðbeiningar um lesnámskeið. Ennfremur er þar að finna ýmis mikilvæg eyðublöð.

## Umsóknarfrestur og afgreiðsla umsókna

Umsóknarfrestur um rannsóknatengt meistaranám er opinn. Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskólans á Akureyri. Meistaránámsnefnd fjallar um umsóknir og tekur faglega afstöðu til þeirra. Eftir umfjöllun í meistaránámsnefnd eru umsóknir afgreiddar til viðkomandi deildar. Afgreiðslu umsókna skal lokið einum mánuði eftir að umsókn hefur verið skráð móttekin.

# Meistaránám í viðskiptafræði

Prófgráðan er meistarapróf í viðskiptafræðum (e. Master of Science in Business Administration) og er lærdómstitillinn Magister Scientiarum (M.S).

## Inntökuskilyrði

Almenn krafa er að umsækjendur hafi lokið B.S.-námi í viðskiptafræðum við viðurkennda háskóla, að jafnaði með fyrstu einkunn. Einnig verður litið til starfsreynslu við val á nemendum. Sjávarútvegsfræðingar sem hafa lokið fjögurra ára B.S.-námi geta einnig fengið inngöngu. Þeir sem lokið hafa bakkalárgráðu í öðru námi við viðurkennda háskóla þurfa að hafa lokið 66 ECTS eininga kjarnanámsskeiðum í viðskiptafræðum til að geta hafið meistaránám í viðskiptafræðum við deildina.

## Rannsóknarverkefnið

Rannsóknarverkefnið er stærsti hluti námsins og er ýmist 60 eða 90 ECTS einingar að umfangi. Verkefnið vinnur nemandinn undir handleiðslu eins af sérfræðingum skólans, en auk aðalleiðbeinanda eru einnig kallaðir til einn til tveir ráðgefandi sérfræðingar, gjarnan utan skólans, sem tryggja að verkefnið standist alþjóðlegar gæðakröfur. Verkefninu lýkur með opinni vörn og skilum meistararitgerðar.

## Samstarfsstofnanir

Samstarfsstofnanir viðskiptadeildar HA í meistaránáminu eru m.a. Háskóli Íslands, Rannsókn- og Þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri og Rannsóknamiðstöð ferðamála.

## Innlend og erlend tengsl

Að öllu jöfnu taka meistaránemur í viðskiptafræðum hluta náms síns við aðra háskóla eða aðrar samstarfsstofnanir, gjarnan í formi náms- og starfsdvalar á virtri rannsóknarstofu á sviði nátengdu rannsóknarverkefninu. Í sumum tilvikum eru einnig tekin námskeið við erlenda háskóla. Þetta fyrirkomulag tryggir nemendum aðgengi að hinu alþjóðlega rannsóknarsamfélagi.

## Innritunargjald og annar kostnaður

Nemendur greiða innritunargjald fyrir hvert skólaár. Nemendur bera allan beinan kostnað við námið, þ.m.t. heimsóknir í fyrirtæki, námsferðir, bókakostnað. o.s.frv.

## Æskilegur undirbúningur

Gert er ráð fyrir því að allir nemendur í undirbúningsnámi hafi tileinkað sér námsefni sambærilegt því sem kennt eru í námskeiðinu stærðfræði I. Þessu til viðbótar eru eftirtalin námskeið kjarnanámsskeið fyrir þá nemendur sem ekki hafa lokið BS námi í viðskiptafræði:

Fjárhagsbókhalð	Ársreikningur
Rekstrarhagfræði	Þjóðhagfræði
Fjármál I	Tölfræði I
Stjórnun I	Rekstrarstjórnun
Stefnumótun	Markaðsfræði I

## Forsendur og stefnumið

Íslenskt atvinnulíf hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðari árum. Helsta breytingin, auk tækninýjunga, er vaxandi alþjóðavæðing viðskiptalífsins. Viðskiptafræðingar þurfa að vera tilbúnir í að starfa í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi og því mikilvægt að hann hafi staðgóða þekkingu og reynslu. Rannsóknatengt meistaranám er einstaklingsmiðað nám og miðast við að efla færni nemandans í sjálfstæðri rannsóknavinnu sem er einn af grundvöllum þess að geta tekið þátt í örri þróun í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi.

Stefnumið með rannsóknatengdu meistaranámi í viðskiptafræði er að gera nemendur færa um að taka virkan þátt í alþjóðlegu rannsóknsumhverfi og efla rannsóknastarf viðskiptadeildar HA á sérsviðum kennara deildarinnar og samstarfsstofnana sem eru m.a.

- Stefnumótun fyrirtækja
- Samstarf fyrirtækja
- Sameining fyrirtækja
- Alþjóðastofnanir
- Alþjóðaviðskipti
- Þekkingarstjórnun
- Mannauðsstjórnun
- Rekstur og stjórnun sjávarútvegsfyrirtækja
- Þróunaraðstoð
- Rekstur opinberra stofnana
- Rekstur sveitarfélaga
- Samgöngumál

## Námsmarkmið (Learning outcomes) meistaranáms í viðskiptafræði

Að loknu meistaranámi í viðskiptafræði á nemandinn að:

1. Geta nýtt þekkingu sína og skilning í faglegri vinnu eða í viðskiptafræði og hafi færni til að rökstyðja faglegar úrlausnir, eða lausnir á vanda í viðkomandi fræðigrein.
2. Hafa tileinkað sér þekkingu með námskeiðum og rannsóknum á sérhæfðu sviði viðskiptafræða.
3. Sýna fram á hæfni í þverfaglegri greiningu, þar sem stuðst er við gögn af ólíkum toga, mismunandi greiningaraðferðir og undirgreinar viðskiptafræðinnar. Ennfremur að hann geti tekist á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi.
4. Sýna fram á aðferðafræðilega getu til að rannsaka fyrirtæki og umhverfi þeirra.
5. Hafa getu og hæfni til þess að meta, greina og afla vísindalegra gagna. Sýni fram á kunnáttu í úrvinnslu gagna, þekkingu á rannsóknarferli og geti valið þá rannsóknaraðferðum sem hentar viðgangsefni hverju sinni.
6. Geta greint á skýran og ótvíræðan hátt frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og/eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi við aðra, bæði meðal sérfræðinga og leikmanna. Sýna leikni í tjáskiptum bæði í rituðu og mæltu máli, og í að finna upplýsingar með því að nýta mismunandi leiðir, svo sem netið, gagnagrunna og bókasöfn. Sýna fram á skilning á viðskipta- og vísindasiðfræði. Geta nýtt sér hugbúnað sem gagnast best í viðskiptafræði.
7. Hafa þróað með sér nauðsynlega námshæfni og sjálfstæð vinnubrögð til að geta tekist á hendur frekara nám á doktorsstigi.

# Meistaránám í auðlindafræði

Prófgráðan er meistarapróf í auðlindafræðum (e. Master of Science in Natural Resource Sciences) og er lærdómstitillinn Magister Scientiarum (M.S.).

Auðlindafræði er safnheiti yfir hvers kyns vísindi er lúta að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Hér er því um að ræða þverfaglegt fræðasvið þar sem saman koma raunvísindi, náttúrufræði, hagfræði og viðskiptafræði. Námið veitir góðan undirbúning undir ýmis sérfræðistörf á sviðum sem tengjast rannsóknarverkefninu, auk aðgangs að doktorsnámi á tengdum fræðasviðum við jafnt innlenda sem erlenda háskóla.

Meðal starfa að námi loknu má nefna rannsóknarstörf í líftæknifyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum tengdum auðlindanýtingu svo sem í sjávarútvegi, sérfræðistörf á rannsóknarstofnunum, verkfræðistofum o.fl. auk kennslu og rannsókna í háskólum.

## Uppbygging námsins

Skipulag meistaránáms í auðlindafræðum er á margan hátt ólíkt því sem gildir á bakkalárstigi. Til að mynda er ekki fyrirbyggjandi ákveðin námskrá meistaránáms, heldur er námið einstaklingsmiðað þannig að hver nemandi fylgir eigin námskrá sem er sérsniðin að þörfum hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á námstímanum.

## Inntökuskilyrði

Almenn krafa er að umsækjendur hafi lokið B.S.-námi í náttúruvísindum eða tengdum sviðum við viðurkennda háskóla, að jafnaði með fyrstu einkunn. Einnig verður litið til starfsreynslu við val á nemendum með bakkalárgráðu úr öðru námi við viðurkennda háskóla, en þeir þurfa þó að hafa lokið 60 ECTS einingum hið minnsta í kjarnanámskeiðum í náttúru- og raunvísindum, svo sem stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og líffræði. Að auki getur leiðbeinandi í samráði við meistaránámsnefnd gert viðbótarkröfur um undirbúning í fögum tengdum meistaraverkefninu.

## Rannsóknarverkefnið

Rannsóknarverkefnið er stærsti hluti námsins og er ýmist 60 eða 90 ECTS einingar að umfangi. Verkefnið vinnur nemandinn undir handleiðslu eins af sérfræðingum skólans, en auk aðalleiðbeinanda eru einnig kallaðir til einn til tveir ráðgefandi sérfræðingar, gjarnan utan skólans, sem tryggja að verkefnið standist alþjóðlegar gæðakröfur. Verkefninu lýkur með opinni vörn og skilum meistararitgerðar sem að jafnaði er rituð á ensku.

## Innlend og erlend tengsl

Að öllu jöfnu taka meistaránemar í auðlindafræðum hluta náms síns við innlenda háskóla eða aðrar samstarfsstofnanir, gjarnan í formi náms og starfsdvalar á virtri rannsóknarstofu á sviði nátengdu rannsóknarverkefninu. Í sumum tilvikum eru einnig tekin námskeið við erlenda háskóla. Þetta fyrirkomulag tryggir nemendum aðgengi að hinu alþjóðlega rannsóknarsamfélagi.

## Samstarfsstofnanir

Samstarfsstofnanir auðlindaeildar í meistaránáminu eru m.a. Háskóli Íslands, Rannsókn- og

Þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Matís, Hafrannsóknastofnunin, Landsvirkjun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

### **Innritunargjald og annar kostnaður**

Nemendur greiða innritunargjald fyrir hvert skólaár. Nemendur bera allan beinan kostnað við námið, þ.m.t. heimsóknir í fyrirtæki, námsferðir, bókakostnað. o.s.frv.

### **Námsmarkmið (Learning outcomes) meistaranáms í auðlindafræði**

Að loknu meistaranámi í auðlindafræði á nemandinn að geta:

1. Útskýrt skilmerkilega kenningar, aðferðir, hugmyndafræði og hugtök innan síns sérsviðs tengt saman fræðilega og hagnýta nálgun viðfangsefna á viðkomandi sviði, sýnt fram á dýpkun og breikkun þess þekkingargrunns er hann tileinkaði sér á fyrri þrepum og sýnt fram á þekkingu og skilning til faglegrar nálgunar í starfi.
2. Skilgreint á breiðum grunni þau fræðilegu viðfangsefni og vanda sem tekist er á við hverju sinni, gert grein fyrir mikilvægum úrlausnarefnum í auðlindafræðum, byggðum á nýjustu upplýsingum og rannsóknum og skýrt frá grundvallaratriðum vísindasiðfræði.
3. Sett fram sjálfstætt faglegt mat á úrlausnarefnum og rökstutt það ítarlega í ræðu og riti, þróað og nýtt hugmyndir í starfsumhverfi síns sérsviðs, aflað vísindalegra gagna, metið þau og greint til að takast á við flókin viðfangsefni í faglegu samhengi, lagt mat á nýjungar og þróun, byggt á vísindalegum grunni auðlindafræða, kenninga eða tilrauna, sett fram vel rökstuddar tillögur til úrlausnar vandamála á sínu sviði.
4. Beitt þekkingu sinni, skilningi og úrlausnarhæfni við framandlegar aðstæður í breiðu eða þverfaglegu samhengi, metið sjálfstætt hvort og hvenær mismunandi greiningaraðferðir og fræðileg atriði eiga við, samþætt þekkingu, unnið að flóknum viðfangsefnum og sett fram skoðanir út frá takmörkuðum upplýsingum.
5. Notað þann tækni- og hugbúnað sem koma að notum á hans sérsviði, greint og miðlað tölulegum upplýsingum með skýrum hætti, skipulagt, stýrt og haft frumkvæði að verkefnum á sínu sérsviði og stjórnað vinnu einstaklinga og hópa, skýrt frá fræðilegum upplýsingum, hugmyndum og úrlausnarefnum í áheyrn sérfræðinga jafnt sem almennings, greint á skýran og ótvíræðan hátt frá flóknum fræðilegum viðfangsefnum og eða fræðilega rökstuddum niðurstöðum, einn eða í samstarfi.
6. Skipulagt verkefni, búið til verkáætlanir og ástundað sjálfstæð og öguð vinnubrögð til að geta tekist á hendur krefjandi frekara nám.

# Leiðbeiningar um meistaraverkefni

## Inngangur

Leiðbeiningar þessar fjalla um öll meistaraverkefni við Viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri.

## Reglur um meistaraverkefnið

### Markmið

Meistaraverkefni er lokaverkefni í meistaranámi og byggir á sjálfstæðri rannsókn eða starfstengdu rannsóknar- og þróunarverkefni. Lokaverkefni til meistaraþrófs skal vera einstaklingsverkefni. Markmið lokaverkefnis er að þjálfa nemendur í sjálfstæðum fræðilegum vinnubrögðum. Lokaverkefni lýkur með meistaraþrófsritgerð.

### Einingafjöldi

Meistaraþrófsritgerð er að jafnaði 60 eða 90 ECTS einingar.

### Umsjón og leiðbeining

Sérhver meistaranemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda úr hópi fastra kennara á viðkomandi sérsviði, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í lokaverkefni. Umsjónarmaður meistaranáms í viðkomandi deild er nemanda og leiðbeinanda til aðstoðar ef þörf krefur. Meistaranámsnefnd getur að tillögu umsjónarmanns heimilað nemanda að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum og reglum viðkomandi deildar. Í þannig tilvikum skal meistaranámsnefnd skipa umsjónarkennara sem er ábyrgðarmaður og tengiliður við nemanda og leiðbeinanda fyrir hönd sviðs og deildar.

Leiðbeinandi og umsjónarkennari skulu ávallt vera lektor, dósent eða prófessor í viðkomandi grein. Verkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritmíðar á fræðilegum og/eða alþjóðlegum vettvangi. Leiðbeinandi meistaranema skal hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta.

### Umsjón með meistaranámi

Umsjónarmaður meistaranáms í viðkomandi deild er sá aðili sem nemendur skulu snúa sér til með fyrstu samskipti varðandi meistaranámið, skipulag þess og reglur til aðstoðar við val á leiðbeinanda sé hann ekki þegar fyrir hendi. Hann lætur nemendum í té upplýsingar um gerð meistaraþrófsritgerða og reglur sem um þær gilda.

Helstu verkefni umsjónarmanns meistaranáms eru að:

- bera ábyrgð á almennu heildarskipulagi meistaraþrófsritgerða,
- halda skrá um meistaraþrófsritgerðir, nöfn nemenda, leiðbeinenda og prófdómara,

- upplýsa nemendur um og kynna þeim reglur um meistaraþrófsritgerðir og bera ábyrgð á að nemandi fái leiðbeinanda,
- veita almennar leiðbeiningar um vinnulag, leiðbeina og ákvarða um val sérfræðinga til leiðbeiningar og prófdæmingar, upplýsa leiðbeinanda og prófdómara um námskröfur, skil og mat, skipuleggja vörnmeistaraþrófsritgerða í samráði við leiðbeinanda, prófdómara, skrifstofu deildarinnar og viðkomandi nemanda,
- bera ábyrgð á gerð og skilum launaskýrslna til skrifstofustjóra,
- sjá um að frágangur ritgerðar sem fer til prófdómara sé í samræmi við reglur og ákvarðanir meistaránámsnefndar og skera úr vafaatriðum, t.d. í sambandi við val á ritefni eða verkaskiptingu leiðbeinanda.

## **Meistaránámsnefnd**

Á viðskipta- og raunvísindasviði starfar meistaránámsnefnd sem hefur yfirumsjón með málefnum námsleiða til meistaraþrófs í auðlindafræði og viðskiptafræði). Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir og samþykkja námsáætlanir, hafa eftirlit með gæðum kennslu, tilnefna prófdómara og sinna öðrum málum sem svið eða deild kann að fela henni. Meistaránámsnefnd setur sér starfsreglur.

## **Meistaraþrófsnefnd, námsmat og prófdómarar**

Meistaránámsnefnd skipar einn til tvo aðila til að sitja ásamt leiðbeinanda í meistaraþrófsnefnd nemandans. Meistaránámsnefnd skipar einnig prófdómara sem leggur ásamt meistaraþrófsnefnd mat á lokaverkefni og meistararitgerð nemandans. Prófdómarar og meðlimir meistaraþrófsnefndar skulu vera sérfróðir á viðkomandi fræðasviði og hafa lokið meistaraþrófi hið minnsta.

Um leið og meistararitgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram staðfest námsferilsyfirlit nemandans. Meistaránámsnefnd skal staðfesta að öllum skilyrðum til meistaraþrófs sé fullnægt.

Í meistaraþrófi skal nemandi flytja opinn fyrirlestur (vörn) um meistaraþrófsritgerðina (u.þ.b. 50 mín.). Að loknum fyrirlestrinum svarar nemandinn fyrst spurningum prófdómara og meistaraþrófsnefndar og síðan spurningum almennra áheyrenda (samtals um eina klst.). Að þessu loknu meta prófdómari, og meistaraþrófsnefnd frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn.

Um einkunnir gilda ákvæði reglna um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.

## **Um samstarf og hlutverk leiðbeinenda, nemenda og meistaraþrófsnefnda**

Meistaraþrófsritgerð er lokaverkefni í meistaránámi. Val verkefnis og vinnan við það er fyrst og fremst á ábyrgð nemandans í samráði við leiðbeinanda. Mikilvægt er að verkaskipting sé skýr ef um tvo leiðbeinendur er að ræða.

## Hlutverk leiðbeinanda

1. Leiðbeinandi aðstoðar nemanda við gerð námsáætlunar, skipulag námsins, val námskeiða og annað er meistaranáminu tengist.
2. Leiðbeinandi gerir nemandanum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til lokaverkefnis, veitir honum hvatningu og aðhald við vinnu við það.
3. Leiðbeinandi ráðleggur nemandanum sérstaklega um eftirfarandi atriði:
  - afmörkun efnis í verkefni og ritgerð
  - heimildaleit
  - skilgreiningu markmiða og rannsóknaspurninga
  - gerð rannsóknaráætlunar
  - öflun rannsóknargagna, úrvinnslu þeirra og greiningu
  - framsetningu á niðurstöðum
  - ritgerðarsmíðina í heild
  - tilkynningar til Persónuverndar og öflun tilskilinna leyfa (t.d. frá Persónuvernd og Vísindasiðanefnd) ef þörf krefur
4. Leiðbeinandi fylgist með framvindu verksins og metur það með hliðsjón af rannsóknar- og námsáætlun.
5. Leiðbeinandi í auðlindafræðum leiðbeinir nemanda á rannsóknastofu, ábyrgist þekking á tækjum sem notuð eru við rannsóknirnar notkun þeirra og öryggismál þar að lútandi
6. Leiðbeinandi aðstoðar nemanda við að takast á við vandamál sem upp koma svo sem siðferðileg álitamál í rannsóknavinnunni, aðferðafræðileg álitamál eða annað.
7. Leiðbeinandi situr í meistaraprófsnefnd og tekur þátt í lokamati á meistaraprófsritgerð ásamt prófdómara. Báðir aðilar (leiðbeinandi og nemandi) geta gert kröfu um reglubundin samskipti meðan unnið er að verkinu.

## Hlutverk nemanda

1. Nemandinn er ábyrgur fyrir námi sínu og ætlast er til að hann beiti sjálfstæðum vinnubrögðum .
2. Nemandinn vinnur náms- og rannsóknaráætlun í samráði við leiðbeinanda, gerir tímaáætlun fyrir verkefnið og áætlar lok þess.
3. Nemandinn skipuleggur með leiðbeinanda hvers konar leiðsögn muni henta best.
4. Nemandinn skal hafa frumkvæði að því að semja um fundi með leiðbeinanda sínum og vinnu á milli funda.
6. Nemanda er skylt að leyfa leiðbeinanda að fylgjast með framvindu verkefnisins. Þetta á einnig við á þeim tímabilum þar sem nemandi og leiðbeinandi hittast ekki.
7. Nemandinn skilar reglulega yfirliti um framvindu rannsóknarvinnunnar til leiðbeinanda samkvæmt samkomulagi.
8. Nemandinn hefur samráð við leiðbeinanda um hvenær skila skal meistaraprófsritgerð til mats.

## Samskipti leiðbeinanda og nemanda

Að jafnaði veitir leiðbeinandi nemanda einn vikulegan viðtalstíma. Leiðbeinandi og nemandi koma sér saman um tímasetningar, en öll samskipti vegna lokaverkefnis, aðstoð, handleiðsla, símtöl o.s.frv., teljast til viðtalstíma. Gert er ráð fyrir tveggja klukkustunda undirbúningsvinnu leiðbeinanda að jafnaði til viðbótar við hvern viðtalstíma. Að auki er gert ráð fyrir 5 stunda undirbúningsvinnu og vinnu við þátttöku í vörn ritgerðar.

## Rannsóknar- og námsáætlun í meistaranámi

Í samráði við leiðbeinanda sinn leggur nemandi í meistaranámi fram náms- og rannsóknaráætlun um lokaverkefni sitt **innan tveggja mánaða frá** upphafi náms. Rannsóknaráætlunin er formleg yfirlýsing um hvernig nemandinn hyggst framkvæma rannsóknina og markmið áætlunarinnar er að afmarka verkefnið, skýra tilgang þess, skilgreina rannsóknarspurningar og -aðferðir. Rannsóknaráætlun inniheldur jafnframt áætlun um framkvæmd verkefnisins og þar er gerð grein fyrir framlagi þess og gildi. Námsáætlunin skilgreinir fyrirhugaðan námskeiðspátt í meistaranáminu. Náms- og rannsóknáætlun er hluti samnings um meistaranám sem samþykktur er í meistaranámsnefnd á grundvelli framlagðrar áætlunar.

Í rannsóknar- og námsáætlun þurfa eftirfarandi þættir að koma fram:

- kynning á rannsóknarverkefninu, lýsing á viðfangsefninu og afmörkun efnisins
- greinargerð um markmið verkefnisins, rannsóknarspurningar og/eða önnur álitamál sem verkefninu er ætlað að varpa ljósi á
- rök fyrir vali á verkefni og hvernig það tengist reynslu eða áformum nemandans
- stutt lýsing á fræðilegum bakgrunni (stöðu þekkingar á rannsóknasviðinu) og skýringar á hugtökum eftir því sem við á
- greinargerð um þær rannsóknaraðferðir sem verður beitt, hvernig staðið verður að gagnasöfnun, greiningu og úrvinnslu gagnanna
- rannsóknir á rannsóknarstofu (auðlindafræði)
- umfjöllun um siðferðileg álitamál, ef þarf, og hvaða leyfa verður aflað fyrir rannsókninni, ef við á.
- greinargerð um vísindalegt og/eða hagnýtt gildi verkefnisins
- listi yfir þau námskeið sem nemandinn hyggst taka sem hluta meistaranámsins
- framkvæmda- og tímaáætlun
- drög að samningi við fyrirtæki eða stofnanir sem koma að verkefninu ef við á.

Rannsóknar- og námsáætlun skal að jafnaði vera um 3 - 5 blaðsíður að lengd.

Ganga verður frá staðfestingu leiðbeinanda á rannsóknar- og námsáætlun áður en lengra er haldið. Slík staðfesting er ævinlega byggð á tímabundnum aðstæðum og gildir þangað til vinnsla verkefnisins kann að krefjast þess að rannsóknaráætlun og verklýsingu verði breytt á ný. Rannsóknar- og námsáætlun staðfest af leiðbeinanda, skal vera samþykkt af meistaranámsnefnd og vera fylgiskjal samnings um rannsóknatengt framhaldsnám sem síðan skal undirritaður af nemanda, leiðbeinanda, umsjónarmanni meistaranáms og forseta fræðasviðs.

Námsmaður skal frá upphafi að halda vinnudagbók, í mjög stuttu máli, með a.m.k. yfirliti um allar heimildir og gögn, varðveislu þeirra, aðgengi og staði, um viðtöl, heimildarmenn og umræðuatriði hverju sinni; og um annað það sem Máli skiptir um framgang rannsóknar. Munnlegar heimildir ber að skjalfesta með staðfestingu heimildarmanna. Dagbók þessari þarf

ekki að skila inn með ritgerð, en hún getur verið bráðnauðsynlegt hjálpartæki fyrir nemandann í tengslum við vörn verkefnis.

## **Erfiðleikar í samskiptum**

Ef upp koma erfiðleikar í samskiptum nemenda og leiðbeinanda svo sem að nemandi finnst hann ekki fá þá leiðbeiningu sem honum ber eða að hann telji sig beittan órétti skal nemandi senda skriflegt erindi til umsjónarmanns meistaranáms sem getur vísað erindinu til meistaranámsnefndar

## **Frágangur, umfang og uppbygging meistararitgerða**

### **Frágangur**

Meistaraprófsritgerð skal skilað í bókarformi eða sem safn vísindagreina sem sendar hafa verið til birtingar í viðurkenndu vísindarit. Í síðara tilvikinu þarf jafnframt að fylgja með greinargerð um verkefnið og útdráttur á íslensku og ensku. Ritgerðir mega vera á íslensku eða ensku en í hverri ritgerð skal vera útdráttur á báðum tungumálum.

Ritgerðin skal bera sérstakt titilblað með nafni höfundar, heiti ritgerðar, skilamánuði og ártali. Tekið skal fram að um lokaverkefni til meistaraþrófs sé að ræða.

Sérstakt sniðmót (e. style-sheet) í pdf. hefur verið hannað fyrir meistararitgerðir og skulu nemendur noti það (sjá heimasíðu deildarinnar).

### **Umfang**

Meistaraprófsritgerð er ekki sett ákveðin lengd eða tiltekið umfang heldur leiðbeinir leiðbeinandi um heppilega lengd og framsetningu. Lengd ritgerðar getur t.d. farið eftir stærð rannsóknar, efnistökmum eða umfangi fylgigagna. Viðmið um 60 ECTS ritgerð getur þó verið um 80-130 blaðsíður og 90 ECTS um 120-200 blaðsíður (miðað við 250-300 orð á textasíðu).

### **Uppbygging meistararitgerðar**

#### **Útdráttur**

Í útdrætti skal fjalla nánar um rannsóknina en fram kemur í titli hennar og skýra frá megininnihaldi hennar. Með því verður lestur ritgerðarinnar auðveldari. Hann skal vera stuttur (200 orð), nákvæmur og geta staðið sjálfstætt. Leggið áherslu á: tilgang rannsóknarinnar, einkenni þátttakenda (aldur, kyn, fjölda) ef við á, rannsóknaraðferðir, markverðustu niðurstöður og helstu ályktanir sem hægt er að draga af þeim.

#### **Þakkarorð**

Í formála skulu koma fram upplýsingar um vægi verkefnisins í einingum og nafn leiðbeinanda ritgerðar – auk þakka til annarra sem aðstoðað hafa nemanda í rannsókn.

#### **Inngangur**

Tilgangur inngangs er að kynna verkefnið og færa rök fyrir mikilvægi þess. Ástæður þess að höfundur valdi að gera rannsóknina eru útlitastar og greint er frá að hvaða gagni hann telur að hún geti orðið. Greint skal frá stöðu þekkingar í örstuttu máli og sagt frá markmiðum og bakgrunni eldri rannsókna og hvernig þessi rannsókn tengist þeim. Gæta þarf að tilgátur rannsóknarinnar eða rannsóknarspurningar séu í röklegu framhaldi af eldri rannsóknum.

Markmið og rannsóknarspurningar verða að koma fram með skýrum hætti. Í lok inngangs er gerð stutt grein fyrir uppbyggingu og inntaki ritgerðar.

### **Fræðilegt yfirlit**

Í þessum kafla er sagt frá fræðilegum forsendum verkefnisins. Megin hugtök eru skilgreind og gerð er grein fyrir samböndum þeirra eftir því sem við á. Að auki skal lýsa stöðu þekkingar á sviði rannsóknarinnar og færð rök fyrir mikilvægi hennar og þeirri þekkingu og skilningi sem hún á að leggja af mörkum.

### **Rannsóknaraðferð**

Hér skal lýst framkvæmd rannsóknarinnar, hvernig og hvað var gert. Tilgangur aðferðakafla í rannsóknarritgerð er að veita lesandanum nauðsynlegar upplýsingar til að meta áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna úr rannsókninni. Ítarleg útlitun á þeirri aðferð sem notuð var og hvers vegna hún var valin er nauðsynleg og fellur undir þennan kafla. Það er ekki síst gert til þess að mögulegt sé að endurtaka rannsóknina. Því er nauðsynlegt að gæta fyllstu nákvæmni. Ef brugðið er út frá þeirri aðferð sem stuðst er við skal lýsa því nákvæmlega og skýra hvers vegna það er gert. Í þessum kafla eru millifyrirsagnir oft nauðsynlegar. Hér skal ennfremur lýsa þeim tilraunum sem rannsóknin byggir á, tækjabúnaði og annarri aðstöðu sem notuð er.

### **Niðurstöður**

Fjalla skal skipulega um úrvinnslu gagna og niðurstöður. Um þær skal fjalla í sömu röð og fjallað var um vandamálín eða markmiðin í inngangi. Kannski má skýra frá í upphafi kaflans hvernig eða í hvaða röð fjallað verður um niðurstöðurnar. Hér gæti átt við að hafa millifyrirsagnir. Skýra skal nákvæmlega frá niðurstöðum í texta, draga fram og skýra aðalatriði hvernar myndar og hvernar töflu. Taka skal mið af því að hver mynd og tafla hafi sjálfstætt upplýsingagildi og því er ekki alltaf þörf á að útlista þær ítarlega. Ef niðurstöður koma á óvart skal fjalla sérlega vel um það og ástæður þess. Lýsingar á niðurstöðum í smáatriðum skal setja í viðauka. Þar er hægt að nálgast þær til að sannreyna nákvæmni lýsinga, útreikninga og annarra athugana.

### **Umræða/ályktanir**

Draga skal saman niðurstöður, meta þær og túlka í þessum kafla. Fjalla skal um niðurstöður út frá þeim rannsóknarspurningum eða vandamálum sem sett voru fram í inngangi, hvort svar hafi fengist við því sem spurt var um og hvort markmiðum þeim sem rannsakandi setti sér hafi verið náð. Draga þarf fram hvort og þá hvert samband er á milli niðurstaðna innbyrðis. Einnig þarf að koma fram hvort og hvernig þær tengjast niðurstöðum annarra sams konar rannsókna. Hér ætti einnig að skýra helsta framlag höfundar með rannsóknarvinnunni sem væntanlega var minnst á í inngangi. Einnig skal ræða ítarlega takmarkanir rannsóknarinnar og gagnrýna eigin vinnu og annarra. Ræða má hvers konar rannsóknir er enn þörf á að framkvæma og þá til hvers og hvaða vandamál eru enn óleyst og hvernig mætti leysa þau. Varast ber að endursegja niðurstöður því þær hafa væntanlega allar komið fram áður í kaflanum á undan.

### **Samantekt**

Draga skal saman helstu niðurstöður, hvers vegna eru þær mikilvægar og hvaða þýðingu hafa þær fyrir fræðasviðið. Þessi kafla á að vera í beinu framhaldi af inngangi – enda á því að skrifa inngang. Inngangur og samantekt eiga að mynda eina heild og gefa glögga mynd af markmiðum og helstu niðurstöðum rannsóknar.

### **Heimildaskráning og tilvísanir**

Tilvísanir í heimildir (sjá sniðmát varðandi frágang meistararitgerða). Nauðsynlegt er að vanda framsetningu efnis, heimildaskráningu og tilvísanir í meistararitgerðum. Tekin hefur verið sú ákvörðun að í öllum nemendaverkefnum í viðskiptafræði eigi að nota svokallað APA-kerfi. Þetta er kerfi er m.a. aðgengilegt í *Gagnfræðakveri handa háskólanemum* eftir Friðrik H. Jónsson og Sigurð J. Grétarsson (3. útg., Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2002 eða síðar). Þegar vitnað er í heimildir skal að jafnaði vísa til tiltekinnar blaðsíðu og gildir það um orðréttar tilvitnanir sem aðrar en um aðra útfærslu á tilvísunum og skráningu heimilda skal nemandi hafa samráð við umsjónakennara.

Meistaranevni í auðlindafræði noti APA-kerfið sem leiðbeinandi kerfi varðandi heimildaskráningu, en er heimilt í samráði við leiðbeinanda að styðjast við þau kerfi önnur sem leiðandi tímarit á viðkomandi fræðasviði nota.

## Skil meistaraverkefna

Skila þarf meistararitgerð í fimm eintökum minnst þremur vikum fyrir prófdag (vörn). Ritgerð sem verja skal á vorönn skal skilað í síðasta lagi 10. maí og 10. nóvember ritgerðum sem verja skal á haustönn. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið við Háskólann á Akureyri. Að lokinni vörn á meistararitgerð skal jafnframt skila inn tveimur (leiðréttum) eintökum til bókasafns HA og má gera þá kröfu til safnsins að lokað sé fyrir útlán hennar í allt að fimm ár.

## Mat og einkunnir verkefna

Meistaraprófsnefnd og prófdómari lesa yfir verkefni meta þau og gefa þeim einkunnir (sjá matseyðublað). Við mat skal t.t.t. útlits og yfirbragðs verkefna, uppsetningu og skýrleika efnis, tæknilega framsetningu skýringamynda, efnistösk og umfjöllun, niðurstöður og ályktanir. Nánari viðmið eru sýnd í eftirfarandi töflu:

	<i>Vægi</i>
Fræðileg umfjöllun	20%
Könnun, gagnaöflun	15%
Úrvinnsla, tillögur, umræða	25%
Niðurstaða	20%
Framsetning efnis	10%
Kynning / Vörn	10%
Samtals	100%

Gæta skal samræmis í mati verkefna. Leiðbeinandi viðmið við einkunnagjöf eru eftirfarandi:

Einkunn	Umsögn
<b>10</b>	Frábært. Nemandi sýnir mjög óvenjulega færni.
<b>9-9,5</b>	Ágætt. Verkefni gerir umtalsvert betur en að uppfylla kröfur.
<b>8-8,5</b>	Mjög gott. Nemandinn uppfyllir vel þær kröfur sem gerðar eru.
<b>7-7,5</b>	Gott. Nemandi uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til verkefnis.
<b>6-6,5</b>	Þökkalegt. Heldur meira en lágmarkskröfur.
<b>5-5,5</b>	Nægjanlegt. Verkefnið uppfyllir lágmarkskröfur.
<b>1-4,5</b>	Ófullnægjandi. Stenst ekki lágmark.

Að lokinni vörn gera prófdómari og meistaraprófsnefndi lokamat á meistaraprófsritgerð og þeir ásamt umsjónarmanni meistaránáms staðfesta það með undirskrift sinni. Komi prófdómari og meistaraprófsnefnd sér ekki saman um matið gildir meðaltal einkunnna þeirra sem lokaeinkunn Umsjónarmaður meistaránáms ber ábyrgð á einkunnaskilum.

Ef umsjónarmaður meistaránáms telur gæta ósamræmis í mati milli meistaraverkefna kemur hann rökstuddum ábendingum skriflega til meistaraprófsnefndar og prófdómara þar um. Prófdómara og meistaraprófsnefnd ber að svara ábendingum umsjónarmanns skriflega hvort heldur þeir taka þær til greina eða ekki, áður en einkunn er gefin út. Umsjónarmaður meistaránáms skal afhenda einkunn til skrifstofustjóra, sem kemur þeim áfram til skráningar.

## **Mat á lokaverkefnum til meistaraprófs - helstu viðmið**

Eftirfarandi viðmið um mat á lokaverkefnum til meistaraprófs eru almenn og sett fram til leiðbeiningar fyrir nemendur, leiðbeinendur, meistaraprófsnefndir og prófdómara. Eftirfarandi spurningar endurspeglar helstu almenn viðmið við mat á meistaraprófs ritgerðum.

1. Er viðfangsefnið vel kynnt í upphafi ritgerðarinnar? Er val viðfangsefnis og mikilvægi þess rökstutt?
2. Eru markmið verkefnisins skýr? Er gerð glögg grein fyrir þeim spurningum eða úrlausnarefnum sem leitað er svara við?
3. Setur höfundur verkefni sitt í fræðilegt samhengi (og sögulegt eða samfélagslegt ef við á)? Er gerð góð grein fyrir fræðilegum bakgrunni viðfangsefnisins? Er fjallað um þau álitamál sem tengjast viðfangsefninu?
4. Gerir höfundur grein fyrir tengslum sínum við viðfangsefnið og með hvaða hætti viðhorf hans og afstaða gætu haft áhrif á verkið?
5. Hvernig eru heimildir valdar og nýttar?
6. Gerir höfundur glögga grein fyrir rannsóknaraðferðum, framkvæmd rannsóknarinnar, gagnasöfnun, þátttakendum og úrvinnslu gagna?
7. Er meðferð og úrvinnsla rannsóknargagna vönduð, greinandi og gagnrýnin? Er gætt eðlilegrar varfærni þegar ályktanir eru dregnar? Gerir höfundur sér grein fyrir takmörkunum verkefnisins?
8. Er greinargóð lýsing á niðurstöðum rannsóknarinnar í gagnagreiningarköflunum?
9. Hversu góð er framsetning efnisins? Er ritgerðin röklega upp byggð og gott samhengi milli allra hluta? Myndar verkið eina heild? Er markmiðum náð og rannsóknarspurningum svarað? Eru í niðurlagi dregnar saman mikilvægustu niðurstöður rannsóknarinnar og helstu lærdómar sem af henni má draga?
10. Hvernig er málfar og frágangur? Er frágangur og framsetning myndrænna upplýsinga góð, ef við á?

11. Sýnir höfundur hugkvæmni eða varpar hann nýju ljósi á viðfangsefnið? Hvert er gildi verkefnisins? Leiðir það af sér nýja þekkingu?
12. Er gerð grein fyrir siðferðilegum atriðum eða álitamálum ef um slíkt er að ræða?

Önnur viðmið en hér hafa verið nefnd geta ráðist af eðli hvers viðfangsefnis. Sem dæmi má nefna að ólík viðmið geta að hluta átt við um verkefni sem byggjast á eigindlegum og meginndlegum rannsóknaraðferðum.

## Munnleg vörn

Meistaraprófsritgerð er varin munnlega og er það hluti af heildarmati. Prófdómari er tilnefndur strax eftir að ritgerð hefur verið skilað inn og er nemandi tilkynnt um nafn hans. Í vörninni taka þátt meistaraprófsnemandi, leiðbeinandi hans og aðrir aðilar meistaraprófsnefndar, prófdómari og umsjónarmaður meistaránáms sem stýrir vörninni

Vörn fer þannig fram að meistaraneми fær í fyrstu tækifæri til þess að gera grein fyrir verki sínu (u.þ.b. 30 mín.), t.d. til þess að áréttta meginatriði, ræða veikar og sterkar hliðar, útskýra gildi rannsóknarinnar, leiðrétta hugsanlegar villur og draga fram annað sem hann vill leggja sérstaka áherslu á. Þá gerir prófdómari grein fyrir heildarniðurstöðum sínum um ritgerðina og beinir spurningum til nemandans eftir því sem hann telur ástæðu til. Leiðbeinandi fær því næst tækifæri til þess að segja sína skoðun og aðrir meðlimir meistaraprófsnefndar. Þar á eftir gefst tækifæri til umræðna um viðfangsefnið sem haga ber þannig að nemandi fái sem uppbyggilegasta endurgjöf. Miðað er við að vörn standi ekki lengur en í tvær klukkustundir.

Þegar vörn er lokið viku nemandi af fundi og meistaraprófsnefnd ásamt prófdómari gengur frálokaniðurstöðu. Teljist verkið standast kröfum, undirritar nefndin yfirlýsingu um það í tvíriti: annað eintakið skal bundið inn í eintak sem háskólinn fær, hinu heldur nemandinn. Þá er nemandi kallaður inn aftur og stjórnandi varnar kynnir honum niðurstöðuna. Gera ber sem skýrasta grein fyrir kröfum um lagfæringar sé niðurstaðan skilyrt. Einkunnargjöf miðast við að nemandi geri þær lagfæringar sem mælt er fyrir um.

# Lesnámskeið 10 einingar

## Lýsing

Námskeiðið byggir á gagnreyndri úttekt nemanda á efni út frá nýrri sýn eða samhengi heimilda. Nemandinn setur fram eigin námsmarkmið og tímaáætlun, leitar eftir fræðilegum heimildum, greinir þær, gagnrýnir og samþættir með skipulegum hætti. Í undantekningartilvikum gefst nemanda kostur á að rita drög að ritrýndri fræðigreini um ákveðið efni (sjá námsmat c). Einnig má verkefnið innihalda gagnavinnslubátt eða aðra rannsóknavinnu og skal þá vægi heimildarýni minnkað til samræmis (sjá námsmat b). Verkefnið má tengjast en skal ekki vera hluti af meistaraverkefni nemanda.

## Færniþemið (Learning outcome)

Í lok námskeiðsins skal nemandi:

- Geta skipulagt og stundað sjálfstætt nám á völdu áhugasviði.
- Geta beitt markvissum aðferðum við öflun gagna og heimilda á tilteknu fræða sviði.
- Geta gagnrýnt og samþætt gögn og heimildir með skipulegum hætti og dregið af þeim rökstuddar ályktanir.
- Geta sett fram rökstuddar ályktanir dregnar af eigin vinnu í fræðilegri ritgerð.
- Geta rætt og rökstutt ítarlega hvernig námið og nýfengin þekking tengist og nýtist honum í frekara námi eða starfi.

## Framkvæmd:

Nemandi óskar eftir leiðsögn tiltekins kennara, í samráði við umsjónarmann meistaranáms í viðkomandi deild. Miðað er við að kennari bjóði nemanda upp á fimm leiðsagnarfundi meðan á námskeiðinu stendur fyrir utan tíma sem fer í yfirlestur, skriflega endurgjöf yfir önnina og námsmat. Umfang stuðnings skal þó vera samningsatriði á milli nemanda og kennara. Leiðsögn kennara beinist fyrst og fremst að skipulagi og framvindu sjálfsnámsins (markmið, lesefni, vinnuáætlun), gagnrýni á notkun heimilda og þeim ályktunum sem af gögnunum má draga.

## Námsmat a):

- Nemandi vinnur eigin námsáætlun. Það felur m.a. í sér að setja fram u.þ.b. fimm markmið með námskeiðinu, setja saman leslista og tímaáætlun. Gildir 10% af heildareinkunn.
- Um 5000 orða ritgerð sem er metin á grundvelli þeirra markmiða sem nemandi setti sér. Gildir 70% af heildareinkunn.
- Um 1000 orða umfjöllun um hvað nemandinn lærði í námskeiðinu og þýðingu verkefnisins fyrir áframhaldandi nám eða starf. Gildir 10% af heildareinkunn.
- Leiðbeinandi metur námsframvindu, hvernig nemandi rökstyður vinnu sýna og framsetningu á vinnufundum leiðbeinanda og nemenda. Gildir 10% af heildareinkunn.

**Námsmat b): (Reiknifög t.d. hagfræði, fjármál, tölfræði, lífgagnatækni)**

- Nemandi vinnur eigin námsáætlun. Það felur m.a. í sér að setja fram u.þ.b. fimm markmið með námskeiðinu, setja saman leslista og tímaáætlun. Gildir 10% af heildareinkunn.
- Um 2000 til 5000 orða skýrsla sem greinir frá rannsóknastarfinu og niðurstöðum þess, ásamt viðeigandi fræðilegri úttekt. Skýrslan er metin á grundvelli þeirra markmiða sem nemandi setti sér. Gildir 70% af heildareinkunn.
- Um 1000 orða umfjöllun (+/- 10%) um hvað nemandinn lærði í námskeiðinu og þýðingu verkefnisins fyrir áframhaldandi nám eða starf. Gildir 10% af heildareinkunn.
- Leiðbeinandi metur námsframvindu hvernig nemandi rökstyður vinnu sína og framsetningu á vinnufundum leiðbeinanda og nemenda. Gildir 10% af heildareinkunn.

**Námsmat c):**

- Nemandi vinnur eigin námsáætlun. Það felur m.a. í sér að setja fram u.þ.b. fimm markmið með námskeiðinu, setja saman leslista og gera tímaáætlun. Gildir 10% af heildareinkunn.
- 3500 – 5000 orða handrit að ritrýndri fræðigrein eða bókarkafla. Gildir 70% af heildareinkunn og er metið á grundvelli faglegra leiðbeininga viðkomandi tímarits eða bókar og þeirra markmiða sem nemandi setti sér.
- 1000 orða umfjöllun (+/- 10%) um hvað nemandinn lærði í námskeiðinu og þýðingu verkefnisins fyrir þjónustu. Gildir 10% af heildareinkunn.
- Leiðbeinandi metur námsframvindu hvernig nemandi rökstyður vinnu sína og framsetningu á vinnufundum leiðbeinanda og nemenda. Gildir 10% af heildareinkunn.

## Lesnámskeið 4 einingar

### Lýsing

Lesnámskeið þetta bætist við námskeið úr grunnnámsnámskrá sem meistaranemi tekur í samræmi við 7. gr. reglna um rannsóknatengt framhaldsnám við viðskipta- og raunvísindasvið. Í námskeiði þessu á nemandinn að dýpka þekkingu sína á viðfangsefni námskeiðsins og bætir 4 ECTS einingum við 6ECTS eininga námskeiðið og í held verður því námskeiðið 10 ECTS einingar. Í námskeiðinu rýnir nemandinn í afmarkað svið, hugtak, eða gerir fræðilega samantekt á efni sem tengist námskeiðinu og +áherslum nemandans í meistaranáminu. Nemandinn setur fram eigin námsmarkmið og tímaáætlun, leitar eftir fræðilegum heimildum, greinir þær og gagnrýnir, og nýtir upplýsingarnar til að setja fram þekkingu á nýjan hátt.

### Færniþæmið (Learning outcome)

Í lok námskeiðsins skal nemandi:

- Geta skipulagt og stundað sjálfstætt nám á völdu áhugasviði.
- Vera fær um að leita eftir heimildum, gagnrýna þær og draga af þeim rökstuddar ályktanir.
- Geta rætt og rökstutt með skipulegum hætti hvernig nýfengin þekking tengist og nýtist honum í frekara námi eða starfi.

### Framkvæmd:

Miðað er við að kennari í grunnnámskeiðinu eða annar leiðbenandi sem valinn er í samráði við aðaleiðbeinanda nemandans og forstöðumann meistaranámsins leiðbeini nemandanum í þessu námskeiði. Miðað er við að kennari bjóði nemanda upp á tvo leiðsagnarfundi meðan á námskeiðinu stendur fyrir utan tíma sem fer í yfirlestur, skriflega endurgjöf yfir önnina og námsmat. Umfang stuðnings er þó samningsatriði á milli nemanda og kennara. Leiðsögn kennara beinist fyrst og fremst að undirbúningi og skipulagi vinnunnar (rýna í markmið, leslista og vinnuáætlun), gagnrýni á notkun heimilda og umræðu um gildi/þýðingu verkefnisins fyrir fagsvið nemanda.

### Námsmat:

- Nemandi vinnur eigin námsáætlun. Það felur m.a. í sér að setja fram þrjú til fimm markmið með námskeiðinu, setja saman leslista og gera tímaáætlun. Gildir 10% af heildareinkunn.
- 2500 orða ritgerð (+/- 10%) sem er metin á grundvelli þeirra markmiða sem nemandi setti sér. Gildir 80% af heildareinkunn.
- 500 orða umfjöllun (+/- 10%) um hvað nemandinn lærði í námskeiðinu og þýðingu verkefnisins fyrir áframhaldandi nám eða starf. Gildir 10% af heildareinkunn.

## **Viðaukar**

**Reglur um rannsóknatengt meistaranám í viðskiptafræði  
og auðlindafræði við  
viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri**

**Kennarar og starfslið viðskipta- og raunvísindasviðs**

**Samningur um rannsóknatengt framhaldsnám við  
viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri.**

**Umsögn um lokaverkefni - Eyðublað**



# **Reglur um rannsóknatengt meistaranám í viðskiptafræði og auðlindafræði við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri**

Samþykkt í deildaráði Viðskipta- og raunvísindasviðs 30.03.2011

## **1. gr. Námsleiðir.**

Við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri er mögulegt að stunda framhaldsnám til meistaraþrófs (M.S.) í viðskiptafræðum og auðlindafræðum

## **2. gr. Meistaránámsnefnd.**

Á viðskipta- og raunvísindasviði starfar meistaránámsnefnd sem hefur yfirumsjón með málefnum námsleiða til meistaraþrófs í auðlindafræði og viðskiptafræði. Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir og samþykkja námsáætlanir, hafa eftirlit með gæðum kennslu, tilnefna prófdómara og sinna öðrum málum sem svið, eða deild, kann að fela henni. Meistaránámsnefnd setur sér starfsreglur.

## **3. gr. Umsóknarfrestur.**

Umsóknarfrestur um meistaranám er opinn

## **4. gr. Meðferð umsókna.**

Umsóknum skal skilað til nemendaskrár Háskólans á Akureyri. Meistaránámsnefnd fjallar um umsóknir og tekur faglega afstöðu til þeirra. Eftir umfjöllun í meistaránámsnefnd eru umsóknir afgreiddar til viðkomandi deildar. Afgreiðslu umsókna skal lokið einum mánuði eftir að umsókn hefur verið skráð móttekin. Afgreiðsla umsókna skal tilkynnt kennslusviði Háskólans á Akureyri.

Ferli umsókna um meistaranám:

- a) Umsækjandi sækir skriflega um inngöngu í meistaranám og tiltekur á hvaða námsleið hann vill fara.
- b) Umsjónarmaður meistaránáms deildar undirbýr umfjöllun og mat á umsókn.
- c) Meistaránámsnefnd metur umsókn og samþykkir eða synjar nemanda ef umsókn bendir til ónógs undirbúnings/uppfyllir ekki gæðakröfur eða ekki er tiltækur heppilegur leiðbeinandi og tilkynnir niðurstöðu bréflega. Nemendur verða að tryggja fjármögnum á rannsóknum sínum.

## **5. gr. Inntökuskilyrði.**

Almenn krafa er að umsækjendur hafi lokið B.S. námi á viðkomandi fræðasviði við viðurkennda háskóla að jafnaði með fyrstu einkunn (7,25) Einnig verður litið til starfsreynslu við val á nemendum inn í námið.

## **6. gr. Einingafjöldi og tímalengd náms.**

Meistaranám við viðskipta- og raunvísindasvið er 120 ECTS eininga nám. Meistaránámið felur í sér námskeið til 30-60 eininga og meistaraþrófsverkefni samsvara 60-90 einingum. Hámarkstími námsins skal vera 50% umfram áætlaðan námstíma en deildaráð getur þó veitt undanþágu frá þeim tímamörkum í sérstökum tilvikum í samráði við leiðbeinanda að gefnu samþykki meistaránámsnefndar.

## **7. gr. Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.**

Nemendur í meistaraþrófnámi geta í ákveðnum tilvikum tekið námskeið í grunnnámi, einkum í þeim tilvikum þar sem nemendur hafa lokið grunnnámi frá öðrum háskólum eða til að styrkja undirstöðu nemandans í greinum sem kenndar eru við viðskipta- eða auðlindadeild til B.S. gráðu. Hámarksfjöldi

eininga úr námskeiðum í grunnnámi sem leyfður er sem hluti af framhaldsnámi er 18 ECTS einingar. Slík námskeið skulu vera annað hvort sérhæfð 2. og 3. árs námskeið eða valnámskeið, þ.e. ekki í kjarna viðkomandi sviðs. Námskeið eru metin til sömu eininga á meistarastigi og í grunnnámi, en eru gerðar meiri kröfur til meistaránema í námskeiðum grunnnáms. Meistaránámsnefnd ákveður hverju sinni hvort forsendur eru til þess að meta einstakt námskeið með þessum hætti.

#### **8. gr.**

##### **Hlutverk leiðbeinanda.**

Sérhver meistaránemi skal frá upphafi náms hafa leiðbeinanda úr hópi fastra kennara á viðkomandi sérsviði, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í lokaverkefni. Umsjónarmaður meistaránáms í viðkomandi deild er nemanda og leiðbeinanda til aðstoðar ef þörf krefur. Meistaránámsnefnd getur að tillögu umsjónarmanns heimilað nemanda að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum og reglum viðkomandi deildar. Í þannig tilvikum skal meistaránámsnefnd skipa umsjónarkennara sem er ábyrgðarmaður og tengiliður við nemanda og leiðbeinanda fyrir hönd sviðs og deildar.

#### **9. gr.**

##### **Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda.**

Leiðbeinandi og umsjónarkennari skal ávallt vera lektor, dósent eða prófessor í viðkomandi grein. Verkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar á fræðilegum og/eða alþjóðlegum vettvangi. Leiðbeinandi meistaránema skal hafa lokið meistaraprófi hið minnsta.

#### **10. gr.**

##### **Meistarapróf, námsmat og prófdómarar.**

Meistaránámsnefndin skipar aðila til að sitja ásamt leiðbeinanda í meistaraprófsnefnd nemandans. Meistaránámsnefnd skipar einnig prófdómara sem leggur ásamt meistaraprófsnefnd mat á lokaverkefni og meistararitgerð nemandans. Prófdómarar og meðlimir meistaraprófsnefndar skulu vera sérfróðir á viðkomandi fræðasviði og hafa lokið meistaraprófi hið minnsta.

Um leið og meistararitgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram staðfest námsferilsyfirlit nemandans. Meistaránámsnefnd skal staðfesta að öllum skilyrðum til meistaraprófs sé fullnægt.

Í meistaraprófi skal nemandi flytja opinn fyrirlestur (vörn) um meistaraprófsritgerðina (u.þ.b. 50 mín.). Að loknum fyrirlestrinum svarar nemandinn fyrst spurningum prófdómara og meistaraprófsnefndar og síðan spurningum almennra áheyrenda (samtals um eina klst.). Að þessu loknu meta prófdómari, og meistaraprófsnefnd frammistöðu nemandar og gefa honum einkunn.

Um einkunnir gilda ákvæði reglna um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.

#### **11. gr.**

##### **Skil og frágangur meistararitgerða**

Meistaraprófsritgerð skal skilað í á því formi sem leiðbeiningar segja til um hverju sinni. Sé meistararitgerð byggð upp með vísindagreinum sem samþykktar hafa verið til birtingar skal jafnframt fylgja með stutt greinargerð um verkefnið og útdráttur á íslensku og ensku. Ritgerðir mega vera á íslensku eða ensku en í hverri ritgerð skal vera útdráttur á báðum tungumálum. Skila þarf meistararitgerð í fimm eintökum minnst þremur vikum fyrir prófdag. Ritgerð sem verja á vorönn skal skilað í síðasta lagi 10. maí og 10. nóvember ritgerðum sem verja á haustönn. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið við Háskólann á Akureyri. Að lokinni vörn á meistararitgerð skal jafnframt skila inn tveimur (leiðréttum) eintökum til bókasafns HA og má gera þá kröfu til safnsins að lokað sé fyrir útlán hennar í allt að fimm ár.

#### **12. gr.**

##### **Lærdómstitlar í meistaránámi**

Þeir sem ljúka rannsóknatengdu meistaraprófi við Viðskipta- og raunvísindadeild í fá lærdómstitilinn Magister Scientiarum, M.S.

## Kennarar og starfslið viðskipta- og raunvísindasviðs

### Umsjónarmenn meistaranáms:

Dr. Oddur Vilhelmsson, dósent, auðlindafræði: [oddurv@unak.is](mailto:oddurv@unak.is)

Dr. Ögmundur Knútsson, dósent, viðskiptafræði: [ogmundur@unak.is](mailto:ogmundur@unak.is)

### Aðrir leiðbeinendur:

Dr. Axel Björnsson, prófessor: [ab@unak.is](mailto:ab@unak.is)

Dr. Edward H. Huijbens, lektor: [edward@unak.is](mailto:edward@unak.is)

Dr. Grétar Þór Eypórsson, prófessor: [gretar@unak.is](mailto:gretar@unak.is)

Guðmundur Kristján Óskarsson, lektor: [gko@unak.is](mailto:gko@unak.is)

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, lektor: [hafdisb@unak.is](mailto:hafdisb@unak.is)

Dr. Hilmar Þór Hilmarsson, dósent: [hilmar@unak.is](mailto:hilmar@unak.is)

Dr. Hjörleifur Einarsson, deildarformaður, prófessor: [hei@unak.is](mailto:hei@unak.is)

Dr. Hrefna Kristmannsdóttir, prófessor: [hk@unak.is](mailto:hk@unak.is)

Hreiðar Þór Valtýsson, lektor: [hreidar@unak.is](mailto:hreidar@unak.is)

Dr. Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor: [ire@unak.is](mailto:ire@unak.is)

Dr. Jóhann Örylgsson, prófessor: [jorlygs@unak.is](mailto:jorlygs@unak.is)

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor: [jthh@unak.is](mailto:jthh@unak.is)

Dr. Kristinn Pétur Magnússon, prófessor: [kpm@unak.is](mailto:kpm@unak.is)

Dr. Nikolai Gagunashvili, prófessor: [nikolai@unak.is](mailto:nikolai@unak.is)

Dr. Rannveig Björnsdóttir, dósent: [rannveig@unak.is](mailto:rannveig@unak.is)

Dr. Sigþór Pétursson, prófessor: [sigthor@unak.is](mailto:sigthor@unak.is)

Stefán B. Gunnlaugsson, lektor: [stefan@unak.is](mailto:stefan@unak.is)

Dr. Steingrímur Jónsson, prófessor: [steing@unak.is](mailto:steing@unak.is)

Vífill Karlsson, lektor: [vifill@unak.is](mailto:vifill@unak.is)

### Skrifstofustjóri:

Ása Guðmundardóttir, skrifstofustjóri – skráning, skipulagning og upplýsingar,  
netfang: [asa@unak.is](mailto:asa@unak.is)

### Frekari aðstoð:

Í meistaranáminu geta nemendur enn fremur fengið aðstoð frá eftirtöldum aðilum við Háskólann:

- Gagnasmiðju – aðstoð varðandi Moodle, aðgangsorð, tæknileg vandamál, kennslu á forrit o.fl. Sjá vefslóð: <http://www.unak.is/template1.asp?PageID=186>
- Bókasafn Háskólans á Akureyri – aðstoð við heimildaleit, útlán rita, rafræna gagnagrunna, millisafnalán o.fl. Sjá vefslóð: <http://www.unak.is/template1.asp?PageID=22>



# **Samningur um rannsóknatengt framhalds-nám við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri.**

Þegar rannsóknar- og námsáætlun hefur verið samþykkt er undirritaður samningur um meistaranámið og meistaraverkefnið. Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur nemandi öðru en deildin hinu. Samninginn undirrita viðkomandi nemandi, leiðbeinandi, umsjónarmaður meistaranáms og forseti fræðasviðs. Samningurinn felur í sér samþykki sviðsins fyrir vinnslu verksins og tryggir nemandanum leiðsögn við gerð þess. Nemandi og leiðbeinandi geta hvor um sig gert umsjónarmanni meistaranáms viðvart ef þeir telja að ekki sé staðið við samninginn, þ.e. að aðilar standi ekki við skyldur sínar.

Sniðmát dæmigerðs samnings fylgir hér á eftir





**Háskólinn  
á Akureyri**

Samningur um rannsóknatengt  
framhaldsnám við viðskipta- og  
raunvísindasvið Háskólans á  
Akureyri

---

Nafna Nafnadóttir

(dagsetning)

Titill verkefnis



## **Kostnaður:**

Hér skal rita stutta greinargerð um efnis- og aðfangakostnað, ferðakostnað og annan kostnað sem áætlað er að falli á verkefnið.

## **Fjármögnun:**

Allur fyrirsjáanlegur og ófyrirsjáanlegur kostnaður er greiddur af verkefni/um leiðbeinanda eða með öðrum hætti eins og nánar er lýst hér að neðan:

Hér komi lýsing á fjármögnun ef við á.

Samningur þessi skuldbindur viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri til þess að greiða kennslueiningar til leiðbeinanda samkvæmt þeim reglum sem þar um gilda.

Einnig leggur HA nemandanum til skrifborðsaðstöðu, aðgang að tölvukerfi HA og annarri þjónustu HA eins og nemendur almennt hafa.

## **Meistaraprófsnefnd**

Í meistaraprófsnefnd nemanda sitja:

Undirritað til staðfestingar á samningi þessum,

Akureyri, dag mánuð ár

---

Hans Kristján Guðmundsson,  
Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs við  
Háskólann á Akureyri

---

Umsjónarmaður meistaranáms í ...deild

---

Aðalleiðbeinandi, starfsheiti við...deild  
Háskólann á Akureyri

---

Meðleiðbeinandi, starfsheiti við ...deild  
Stofnun

---

Nemandi, M.S. nemi við ...deild  
Háskólans á Akureyri

## Umsögn um lokaverkefni<sup>1</sup> - Eyðublað

<b>Heiti verkefnis:</b>	
Nemandi:	
Leiðbeinandi:	Prófd.
Dagsetning:	Einkunn:

Matsþáttur	Vel gert	Þarfnast úrbóta
Rannsóknarspurning, aðferð, afmörkun.		
Fræðileg undirstaða, umfjöllun og heimildanotkun		
Könnun og gagnaöflun		
Úrvinnsla upplýsinga, tillögur, umræða		
Niðurstaða verkefnis		
Framsetning efnis		
Skýrslan í heild		

<sup>1</sup> Eyðublaðið er ætlað til að auðvelda einkunnagjöf, einkunn á að skila á sérstöku eyðublaði með undirskriftum leiðbeinanda og prófdómara til einkunnarskráningar, ekki þessu.